



Fjárhagsáætlun 2014

Greinargerð sveitarstjóra lögð fram við síðari umræðu í sveitarstjórn miðvikudaginn 11. desember 2013.

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Skagafjarðar fyrir árið 2014 er hér lögð fram til seinni umræðu. Fjárhagsáætlunin sýnir rekstraráætlun, sjóðsstreymi og áætlaðan efnahagsreikning fyrir sveitarfélagið og stofnanir þess. Grunnur að allri þessari vinnu er að sýna aðhald og hagkvæmni í rekstri samhliða því að standa vörð um þá þjónustu sem veitt er. Fjárhagsáætlunin samanstendur af upplýsingum um A hluta sveitarsjóðs og samantekin A og B hluta. Í A- hluta er aðalsjóður auk eignasjóða. Í B- hluta eru veitustofnanir, hafnarsjóður, félagslegar íbúðir og Tímatákn ehf. Helstu niðurstöðutölur fjárhagsáætlunar árið 2014 eru þær að A- og B hluti saman, eða samstæðan, skila rekstrarafgangi upp á 77 m.kr. Veltufé frá rekstri er áætlað 398 mkr., sem er betra en gert var ráð fyrir árið 2013.

Á árinu 2013 var markvisst unnið að hagræðingu og lækkun rekstrarútgjalda og gert er ráð fyrir að því verði haldið áfram á árinu 2014, mikil vinna hefur farið fram á líðandi ári við að yfirfara rekstur málaflokka og stofnana til þess að draga úr rekstrarkostnaði. Mikil aðhaldssemi hefur verið viðhöfð í rekstri sveitarfélagsins síðustu misseri og dregið hefur verið úr ýmsum rekstrarþáttum. Lögð hefur verið áhersla á að standa vörð um lögbundna þjónustu sveitarfélagsins og hægt er að segja með sannri ástæðu að ekki hafi átt sér stað veruleg þjónustuskerðing þó aðhald hafi vissulega verið mikið. Aðhald verður áfram í rekstri sveitarfélagsins á komandi árum og áfram verður leitað hagræðingartækifæra en þó ávallt með það að markmiði að gæta jafnvægis í þjónustu sveitarfélagsins.

Fagnefndir sveitarfélagsins ásamt byggðarráði og starfsmönnum unnu mikið starf í undirbúningi þessarar fjárhagsáætlunar og skoðuðu alla fjárhagslega þætti í rekstri sveitarfélagsins. Halda þarf þeirri vinnu áfram og greina enn frekar rekstur einstakra þátta og ákveða þjónustustig sveitarfélagsins til framtíðar. Mikilvægt er að samvinna verði áfram eins og verið hefur meðal allra sem málið snertir í þeirri viðleitni að ná fram þeim markmiðum sem fram eru sett í áætluninni. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 er gert ráð fyrir afgangi á rekstri samstæðunnar en tapi á rekstri sveitarsjóðs A -hluta en slíkt er ekki ásætlanlegt til lengri tíma lítið, þó verulegur árangur hafi náðst frá árinu 2012.

Helstu forsendur áætlunar:

Gert er ráð fyrir að meðalverðbólga á árinu 2014 verði **4 %** og er það í takt við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands. Þá er einnig stuðst við tillögu Sambands íslenskra sveitarfélaga um áætlaða staðgreiðslu fyrir tekjuárið 2014. Reiknað er með óbreyttu atvinnustigi en þó ber að geta þess að íbúum fækkar enn á milli ára. Útsvarsprósentan er óbreytt á milli ára 13,28%, auk 1,2% hækkun útsvars frá ríki, vegna yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Það er ekki gert ráð fyrir í áætluninni fyrirhugaðri hækkun á útsvari sem er í undirbúningi á Alþingi. Þar eru fyrirhugaðar breytingar á lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir þar m.a. að leyfilegt hámarksútsvar af tekjum manna á árinu 2014 hækki um 0,04%, úr 14,48% í 14,52%. Gert er ráð fyrir að álagningarhlutfall tekjuskatts lækki um samsvarandi hlutfall þannig að ekki verði um heildarhækkun tekjuskatts og útsvars að ræða.



Gert er ráð fyrir svipuðum tekjum frá Jöfnunarsjóði og undanfarin ár en tekjuskerðing var á framlögum frá Jöfnunarsjóði árið 2011.

Samþykkt var að fasteignaskattsprósentur breytist ekki á milli ára og skattar og gjöld verði eftirfarandi á árinu 2014:

- Fasteignaskattur A-flokkur 0,50%
- Fasteignaskattur B-flokkur 1,32%
- Fasteignaskattur C-flokkur 1,65%
- Lóðarleiga íbúðarlóða 1,50%
- Lóðarleiga atvinnulóða 2,50%
- Leiga beitarlands 0,50 kr./m²
- Leiga ræktunarlands utan þéttbýlis 0,90 kr./m²
- Leiga ræktunarlands í þéttbýli 1,25 kr./m²

Í ljósi viðsnúnings og jákvæðrar þróunar í rekstri sveitarfélagsins á árinu 2013 ákvað sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar að leggja til að ekki verði farið í gjaldskrárhækkanir fyrir árið 2014 er snúa að börnum, barnafólki og eldri borgurum. Gert er ráð fyrir gjaldskrárhækkunum vegna sorphirðu, í byggingaleyfisgjöldum og hjá hafnarsjóði.

Ný sveitarstjórnarlög.

Áætlunin er unnin með hliðsjón af nýjum fjármálareglum og fjárhagslegum viðmiðum sveitarfélaga sem settar voru á grundvelli nýrra sveitarstjórnarlaga en þau tóku gildi í upphafi árs 2012. Í 64. gr. nýrra sveitarstjórnarlaga er kveðið á um að „samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B – hluta í reikningsskilum skv. 60 gr. séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum“. Má segja að allra leiða hafi verið leitað til að uppfylla þessar skyldur.

Einnig segir í 64.gr. nýrra sveitarstjórnarlaga að heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60.gr. megi ekki vera hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum. Frá heildarskuldum og skuldbindingum er heimilt að draga frá hluta lífeyrisskuldbindinga. Hjá Sveitarfélaginu Skagafirði er skuldahlutfall áætlað 141% á árinu 2014 þegar búið er að draga frá hluta lífeyrisskuldbindingar af heildarskuldum og skuldbindingum eins og heimilað er samkvæmt reglugerð.

Samantekið - A og B hluti					
Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun
2012	2013	2014	2015	2016	2017
1.720.052	1.776.692	1.877.492	1.877.492	1.877.492	1.877.492
572.320	570.840	606.561	606.561	606.561	606.561
1.255.100	1.200.482	1.319.624	1.319.624	1.304.624	1.299.124
3.547.472	3.548.014	3.803.677	3.803.677	3.788.677	3.783.177
Heildartekjur					
5.080.467	5.589.196	5.717.200	5.614.996	5.558.453	5.561.746
831.432	848.212	874.912	892.612	907.312	928.012
Skuldir og skuldbindingar					
þ.a. ls.j.skuldbinding					
1,43	1,58	1,50	1,48	1,47	1,47
Skuldir og skulb/heildartekjur					
1,33	1,48	1,41	1,38	1,37	1,38
Skuldir og skulb-líf.skuldb. samkvæmt reglugerð/heildartekjur					



Í nýjum sveitarstjórnalögum er einnig kveðið á um gerð innkaupareglna, sú vinna stendur yfir hjá kjörnum fulltrúum fyrir sveitarfélagið. Annað sem kveðið er á um í nýlegum lögum s.s. gerð siðareglna og nýrra samþykka er lokið.

Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar fyrir árið 2014

Rekstur:

Áætlun ársins gerir ráð fyrir að rekstrartekjur Sveitarfélagsins Skagafjarðar nemi **3.804 m.kr.** hjá samstæðunni í heild, A- og B hluta, þar af eru rekstrartekjur A hluta áætlaðar **3.309 m.kr.** Rekstrargjöld án fjármagnsliða eru áætluð **3.450 m.kr.**, þ.a. A hluti **3.153 m.kr.** Rekstrarhagnaður A og B hluta án afskrifta og fjármagnsliða er **520 m.kr.**, afskriftir nema **166 m.kr.** og fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur nema **276 m.kr.**, rekstrarniðurstaða samstæðunnar í heild A og B hluta er áætluð samtals **77 m.kr.** hagnaður.

Rekstrarhagnaður A hluta án afskrifta og fjármagnsliða er **236 m.kr.**, afskriftir nema **79 m.kr.**, fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur nema **194 m.kr.** Rekstrarniðurstaða A hluta sveitarsjóðs er því áætluð neikvæð um **37 m.kr.**

Efnahagur:

Eignir Sveitarfélagsins Skagafjarðar eru áætlaðar í árslok 2014 **7.076 m.kr.**, þ.a. eignir A hluta **5.484 m.kr.** Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar í árslok **5.717 m.kr.**, þ.a. hjá A hluta **4.460 m.kr.** Eigið fé er áætlað **1.359 m.kr.** hjá samstæðunni og eiginfjárlutfall því **0,19**. Eigið fé A hluta er áætlað **1.024 m.kr.** og eiginfjárlutfall **0,19**. Ný lántaka er áætluð **868 m.kr.** hjá samstæðunni í heild og að afborganir eldri lána og skuldbindinga verði um **362 m.kr.** Reiknaðar lífeyrisskuldbindingar eru **875 m.kr.** hjá samstæðu og þar af **780 m.kr.** hjá A-hluta.

Sjóðsstreymisfirlit:

Áætlunin gerir ráð fyrir að veltufé frá rekstri A hluta verði jákvætt um **166 m.kr.**, veltufé frá rekstri samstæðunnar A og B hluta verði jákvætt um samtals **398 m.kr.** sem er gríðarlega mikilvægt þegar horft er til getu sveitarfélagsins til framkvæmda og afborgana skulda til framtíðar litið. Þá er gert ráð fyrir að handbært fé í árslok verði **138 m.kr.**

Þrátt fyrir að aðhalds sé gætt í rekstri þá er gert ráð fyrir að sveitarsjóður og undirfyrirtæki fjárfesti á árinu 2014 fyrir **350 m.kr.**, sem er afar mikilvægt fyrir samfélagið í heild sinni. Stærsta fjárfestingaverkefnið á næsta ári er flutningur og stækkun leikskólans Birkilundar í Varmahlíð.

Þróun tekna.

Undanfarin ár hefur gætt minnkandi tekna hjá sveitarfélaginu og liggur það fyrst og fremst í lækkuðum framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og má segja að enn sé langt í land með að tekjugrundvöllur sveitarfélagsins sé sá sami og var áður. Útvarstekjur hafa aftur á móti haldið nokkuð í við verðlag en áhyggjuefni er hvað þær tekjur varðar er hin mikla íbúafækkun sem verið hefur síðustu misseri.

Eftirfarandi súlurit sýnir þróun framlaga Jöfnunarsjóðs eins og þau hafa þróast frá árinu 2007 og eru áætluð á næsta ári.



Framlög Jöfnunarsjóðs 2007 – 2014



Mismunur á áætluðum framlögum Jöfnunarsjóðs á árinu 2014 og uppreiknuðum framlögum ársins **2008** er um **398 m.kr.** Mismunur á milli árunna **2009** og **2014** eru **114 m.kr.** Það er því augljóst að þessi lækkun skatttekna hefur haft áhrif á rekstrarafkomu sveitarfélagsins undanfarin ár.

Rekstur málaflokka:

Eins og áður taka fræðslu- og uppeldismálin til sín stærstan hluta skattteknanna í áætlun ársins. En vegna þeirra hagræðingaraðgerða sem ráðist hefur verið í m.a. vegna lækkandi tekna sveitarsjóðs, hefur tekist að ná málaflokknum niður og hann farinn að taka til sín lægra hlutfall skatttekna en áður eða sem nemur **55,2%** af skatttekjum, samanborið við árið 2013 sem var **57,5%** og árið 2012 **61,6%**. Hluttur annarra málaflokka er svipað hlutfall af skatttekjum og verið hefur undanfarin ár. Athygli vekur þó að hlutfall félagsþjónustu eykst enn á milli ára og vegur þar þyngst fjárhagsaðstoð, sem og hluttur hreinlætismála (sorphirða), en sá málaflokkur vegur sífellt þyngra í rekstri sveitarfélagsins ár frá ári. Næstir á eftir fræðslumálum koma Æskulýðs- og íþróttamál með **11,8%** af skatttekjum, sameiginlegur kostnaður með **9,2%** og félagsþjónusta með **6,7%** af skatttekjum.



Rekstur málaflokka						
Aðalsjóður:	-	-	-	-	-	
Skatttekjur	2.509.707	-	-	-	-2.509.707	
	Tekjur	Launaliðir		Aðrir liðir		
Félagsþjónusta	-301.612	271.790		197.211	167.389	6,7%
Heilbrigðismál				1.152	1.152	0,0%
Fræðslu- og uppeldismál	-202.856	1.032.969		554.483	1.384.596	55,2%
Menningarmál	-73.777	86.055		117.391	129.669	5,2%
Æskulýðs- og íþróttamál	-90.516	134.583		252.158	296.225	11,8%
Brunamál og almannavarnir	-26.472	48.127		36.709	58.364	2,3%
Hreinlætismál	-56.590			105.303	48.713	1,9%
Skipulags- og byggingamál	-6.580	29.849		20.923	44.192	1,8%
Umferðar- og samgöngumál	-3.220	480		68.276	65.536	2,6%
Umhverfismál	-2.930	20.454		44.304	61.828	2,5%
Atvinnumál	-7.605	11.339		42.911	46.645	1,9%
Sameiginlegur kostnaður	-13.148	129.418		115.144	231.414	9,2%
Lífeyrisskuldbinding		43.800			43.800	1,7%
Óvenjurlegir liðir		56.000			56.000	
Fjármagnsliðir					-35.220	1,4%
	3.295.013	1.864.864		1.555.965	90.596	
Aðrir sjóðir í A-hluta:						
	Tekjur	Launaliðir		Aðrir liðir		
Eignasjóður	-575.165	17.525		473.013	-84.627	
Þjónustustöð	-36.721	29.807		38.113	31.199	
Millifærslur	597.354			-632.574		
	3.309.545	47.332		-121.448	-53.428	
Sveitarsjóður A-hluti	3.309.545	1.912.196		1.434.517	37.168	1,5%



Sjóðir í B-hluta					
	Tekjur	Launaliðir		Aðrir liðir	
Félagsbúðir Skagafjarðar	-68.876			86.832	17.956
Fráveita	-84.600	10.023		27.444	-47.133
Hafnarsjóður Skagafjarðar	-83.111	19.495		44.458	-19.158
Tímatákn ehf.	-6.300			6.239	-61
Skagafjarðarveitur ehf.	-404.254	81.174		256.992	-66.088
Millifærslur	153.008			-153.008	0
Samtals B-hluti	-494.133	110.692		268.957	-114.484
Samantekið A + B hluti	3.803.678	2.022.888		1.703.474	-77.316

Þróun málaflokka sem hlutfall af skatttekjum:

Málaflokkar	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Félagsmál	6,0%	4,8%	5,2%	4,0%	5,3%	5,4%	5,6%	6,1%	6,40%	6,60%	6,7%
Heilbr.mál	0,7%	0,6%	0,6%	0,5%	0,5%	0,6%	0,6%	0,6%	0,60%	0,00%	0,0%
Fræðslumál	56,8%	58,7%	56,9%	51,6%	53,0%	58,1%	57,9%	61,8%	61,60%	57,50%	55,2%
Menn.mál	5,3%	5,1%	5,0%	4,6%	4,9%	5,2%	5,5%	5,4%	5,60%	5,60%	5,2%
Æskul og íþrm	14,0%	13,6%	13,4%	11,1%	11,3%	12,5%	12,4%	12,2%	12,10%	11,40%	11,8%
Brunamál	2,1%	3,0%	1,6%	2,1%	2,1%	2,4%	2,4%	2,3%	2,80%	2,60%	2,3%
Hreinl.mál	1,3%	0,7%	1,4%	1,0%	0,8%	0,9%	1,1%	1,1%	1,30%	1,60%	1,9%
Skipul.mál	2,1%	2,2%	1,8%	1,7%	3,0%	2,4%	2,0%	2,1%	1,90%	2,00%	1,8%
Umf. og samg.mál	2,7%	3,0%	3,2%	2,9%	2,6%	3,0%	2,8%	2,5%	2,50%	2,50%	2,6%
Umhv.mál	2,5%	2,5%	2,2%	2,1%	2,3%	2,9%	2,4%	2,5%	2,50%	2,40%	2,5%
Atvinnumál	3,7%	2,0%	2,3%	1,9%	1,7%	2,2%	2,1%	1,8%	2,20%	1,90%	1,9%
Sam.kostnaður	10,9%	13,9%	13,3%	9,3%	11,1%	10,1%	8,8%	7,7%	9,40%	8,60%	9,2%



Fjárfestingar og framkvæmdir.

Áætlaðar fjárfestingar og framkvæmdir skiptast þannig:

Fjárfestingar og framkvæmdir:	
Eignasjóður	265.850
Fráveita	2.900
Hafnarsjóður	4.000
Skagafjarðarveitur	77.000
Fjárfestingar og framkvæmdir alls	349.750

Auk fyrrgreindra fjárfestinga er gert er ráð fyrir að verja rekstrarmegin um **79,9 m.kr** í viðhald fasteigna Eignasjóðs.

Greinargerð þessi er sett fram til glöggvunar við yfirferð fjárhagsáætlunar. Ég vil í lok hennar færa samstarfsfólki mínu og þá sér í lagi sviðsstjóra fjármála -og stjórnsýslusviðs ásamt sviðsstjórum og öðrum starfsmönnum, einnig kjörnum fulltrúum, fagnefndum og byggðarráði þakkir fyrir gott samstarf við þá vinnu sem að baki er við að ná auknu hagræði í rekstri og lagt grunninn að fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Skagafjarðar næstu árin. Ber að þakka þann árangur sem þegar hefur náðst en jafnframt brýna menn áfram til góðra verka í þeirri vinnu sem er í gangi og framundan er. Vinnu okkar er ekki nærri lokið og vænti ég áframhaldandi góðrar samvinnu allra aðila svo halda meg þannig á málum að við getum áfram rekið hér gott samfélag sem er í stakk búið til að veita íbúum sínum góða þjónustu og þannig stuðla að áframhaldandi jákvæðri þróun í vexti og viðgangi sveitarfélagsins.

Sauðárkróki 10. desember 2013

Ásta Björg Pálmadóttir
sveitarstjóri